

Kópavogi, 12. mars 2020

Tilvísun: 2020-7134

## Efni: Umsögn um drög að Þingsályktunartillögu um Menntastefnu 2030

Viðtakandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Sendandi: Menntamálastofnun

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur óskað eftir umsögn Menntamálastofnunar um drög að Þingsályktunartillögu um Menntastefnu 2030 sem kynnt var fyrir stofnuninni á fundi ráðherra með hagsmunaaðilum þann 14. febrúar sl.

Almennt séð telur Menntamálastofnun mikilvægt að stefnumótun á sviði menntamála sé grundvölluð á ítarlegri greiningu á stöðu menntakerfisins, einstaka þáttum þess og samspili þeirra. Mikilvægt er að taka mið af greiningum innlendra sérfræðinga með þekkingu á íslensku skólakerfi. Á alþjóðavettvangi á sér stað stefnumörkun í menntamálum sem jafnframt er mikilvægt að hafa hliðsjón af, svo sem hjá OECD, UNESCO og Evrópusambandinu, og einnig má vísa í niðurstöður PISA og TALIS og greiningar Cedefop, Eurydice o.fl. Þarna má víða finna efni sem hefur þýðingu þegar lagður er grunnur að stefnumótun á Íslandi, bæði í reglulegum ritum um menntamál, samanburði milli landa sem og í úttektum sem beinast sérstaklega að stöðu mála á Íslandi.

Í drögunum er vísað með almennum hætti í skýrslur og greiningar innlendra og erlendra aðila en ekki kemur fram eiginleg stöðugreining byggð á gögnum sem undirbyggir stefnuáherslur.

Menntamálastofnun telur mikilvægt að nýta fyrirbyggjandi gögn og rannsóknir sem grundvöll fyrir aðgerðum sem munu byggja á fyrirhugaðri menntastefnu. Stofnunin leggur jafnframt áherslu á að sett verði fram skýr mælanleg markmið út frá stefnunni og samhliða unnin áætlun um hvernig mældur verði árangur þeirra aðgerða sem ráðist verður í.

Taka má undir meginmarkmið sem fram koma í drögunum á borð við framúrskarandi kennslu og stjórnun menntastofnana, að allir hafi jöfn tækifæri til menntunar, að námskrá, námsumhverfi og námsmat styðji við hæfni til framtíðar og að samábyrgð ríki um framkvæmd og gæði skóla- og fræðslustarfs. Menntamálastofnun leggur áherslu á mikilvægi skýrari leiðsagnar um fyrirkomulag námsmats, aðgerðir er fela í sér stuðning til skóla, um framkvæmd innra mats og aðgerðir til að efla ytra mat. Ennfremur er lögð áhersla á mikilvægi samhengis í þróun framtíðarsýnar um námsmat, námsgögn og endurskoðunar á aðalnámskrá. Í drögunum er að finna jákvæð nýmæli um mikilvægi þess að stuðla að því að hæfilegar væntingar séu gerðar til nemenda. Hins vegar þarf að útfæra það ákvæði og er bent á mikilvægi skýrari stefnumörkunar þar um og þá sérstaklega í tengslum við fyrirhugaða endurskoðun á aðalnámskrám skólastiga í framhaldinu.